

Ásbrú

- Hlekkur á milli heima

Ásbrú þjónaði eitt sinn því hlutverki að hýsa starfsfólk bandarísku herstöðvarinnar og fjölskyldur þeirra. Í dag er þar öflugt samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Meirihluti íbúanna er námsmenn og fjölskyldur þeirra. Íbúðabyggðin er ekki aðlaðandi eins og hún er í dag, en góður grunnur er til staðar til að bæta úr og byggja á. Brúa þarf bilið á milli þess sem það eitt sinn var og nútímasamfélagsins sem það getur orðið.

Aðalmarkmið í tillögu þessari er að efla það samfélag sem fyrir er og skapa því nýja ímynd með því að:

- Skapa heildstæða, vistvæna og sterka byggð
- Styrkja miðjuna og tengja þá tvo íbúðakjarna á svæðinu sem eru í dag að mörgu leyti aðskildir
- Þjóða upp á fjölbreytileika í búsetumöguleikum fyrir jafnt unga sem aldna, námsmenn og allar gerðir fjölskyldna
- Hvetja til útiveru með bættri aðstöðu garða, bæði einka- og almenningsgarða
- Gera gangandi og hjólandi hærra undir höfði með því að breikka og bæta við gönguleiðum og hjólastígum
- Bæta yfirbragð gatna, s.s. með hellulögn, fallegum götubúnaði, trjáröðum o.s.frv.
- Byggja ný mannvirki sem styrkja miðjuna

Núverandi byggð

Frískað er upp á litakonsept núverandi byggðar með hvítum og gráum tónum, þannig fær hún samhangandi blæ. Aðkoma við innganga er bætt með aukinni skjólmyndun. Gert er ráð fyrir nýjum sorp- og hjólaskýlum, sem einnig veita vindskjól við innganga. Bætt verður við svölum þar sem engar eru fyrir og einnig er sérafnotareitum bætt við á jarðhæðum.

Garðar / rými á milli bygginga

Mikilvægt er að bæta rýmin á milli núverandi bygginga, en í dag er þar rúmt pláss fyrir úrbætur. Með gróðri og skjólmyndun er landið mótað í mannvænum skala. Þannig verður það lífvænlegra og umhverfis- og búsetuskilyrði batna til muna. Sérafnotareitir eru skilgreindir á jarðhæðum og stækkaðir þar sem þeir eru fyrir. Manir og veggir eru notaðir til að skipta upp svæðum í minni rými, sem mynda um leið skjól og loka ásýnd á bíla. Í miðjunni er gert ráð fyrir gönguleið sem umbreytist í lítil torg til leiks og dvalar.

Bílastæði

Samtals eru um 1430 bílastæði á svæðinu fyrir 700 íbúðir, eða 2,04 st/íbúð, sem er mjög ríflegt. Bílplönin eru því mjög stór og innkeyrslur eru breiðar. Í tillögunni er bílastæðum fækkað og þau brotin upp með yfirbyggðum hjólaskýlum og gróðri. Austast á svæðinu er aukabílastæði sem er í lægsta punkti svæðisins. Lagt er til að bílastæðið verði fjarlæggt og þarna verði gert meira úr afvötnun svæðisins á yfirborði. Þarna er möguleiki á að safna vatninu saman á sýnilegan hátt.

Göngu- og hjólastígar

Áhersla er lögð á gott göngu- og hjólaleiðakerfi sem tengir svæðið vel og hvetur þannig til vistvænni samgöngumáta. Í dag eru margir göngustígar á milli bygginga, en þeir eru oft of mjóir. Einnig vantar gangstéttir meðfram götur og engir hjólastígar eru til staðar á svæðinu. Í tillögu eru götur mjókkaðar og göngu-/hjóleiðir settar meðfram þeim, ávallt eru gönguleiðir meðfram götum og innkeyrslum.

Yfirborðsvatn

Núverandi kerfi yfirborðsvatns verður fegrað og gert hærra undir höfði. Þar er unnið með vatnssöfnun, grjót og gróður svo að vatnsrásir verði hluti af grænu svæðunum, en markmið er að gera það meira sýnilegt og fallegra en er í dag.

Græni ásinn

Í gegnum svæðið liggur garður - grænn ás sem tengir saman og styrkir svæðið sem eina heild. Ásinn þjónar því hlutverki að vera tenging fyrir gangandi og hjólandi, það er afþreyingar- og útivistarsvæði og það feugar ásýnd byggðarinnar gróðri og plöntum. Aðal göngustígurinn í gegnum ásinn er breiður, um 4 metrar og er fyrir bæði hjólandi og gangandi. Öll þjónusta (verslun og stofnanir) fyrir svæðið er staðsett við ásinn og í miðjunni er hjarta sem þjónar hlutverki bæjartorgs. Það er stórt svæði sem er vel afmarkað með leiktækjum, t.d. körfuboltavöllur/streetball, hjólabrettasvæði og sleðabrekka. Í sitthvorum enda ása/borgargatna er hjarta hvors kjarna þar sem er lögð áhersla á gott dvalar- og leiksvæði. Massívur gróður á ásnun myndar skjól. Götubúnaður er í stíl við borgargötur til að fá samhengi.

Nýbyggingar

Gert er ráð fyrir nýjum byggingum við aðalæðar svæðisins - borgargöturnar. Byggingarnar, sem eru tveggja til þriggja hæða, eru staðsettar í bilum á milli húsa og auka þannig vindskjól. Ný mannvirki í hverfinu verða klædd hlýlegum byggingarefnum, s.s. tréklæðningu. Nýju byggingarnar mynda blandaða byggð íbúða, atvinnu og þjónustu. Einnig er gert ráð fyrir möguleika á að hýsa start-up – eða sprotafyrirtæki í tengslum við háskólann. Íbúðagerðir verða fjölbreyttar og aðlaðandi til lengri búsetu. Nýbyggingarnar stuðla þannig að því að styrkja ímynd byggðar enn frekar.

Áfangaskipting

Skipta má verkefninu í þrjá áfanga:

1. Endurbætur á rýmum á milli húsa
2. Græni ásinn
3. Borgargötur
4. Nýbyggingar